

SKÝRSLA UM ÍBÚALÝÐRÆÐI

Nefnd um íbúalýðræði og virkari stjórnsýslu



ÍSAFJARÐARBÆR
isafjordur.is

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	3
2.	Nefndin	4
3.	Íbúasamráð	4
4.	Hverfisráð	7
4.1.	Hverfisráðið íbúasamtökin Átak í Dýrafirði	7
4.2.	Skutulsfjörður (utan Hnífsdals)	8
4.3.	Súgandafjörður	8
4.4.	Önundarfjörður	9
4.5.	Hnífsdalur	9
4.6.	Framkvæmdafé	9
4.7.	Val á verkefnum	10
4.8.	Samráðsfundur	10
4.9.	Málþing: "Hvernig gerum við góðan bæ betri?"	11
5.	Öldungaráð	15
6.	Ungmennaráð	15
7.	Áheyrnarfulltrúar í nefndum	16
8.	Aukin upplýsingamiðlun	17
8.1.	Facebook	17
8.2.	Smáskilaboð (SMS)	17
8.3.	Heimasíða	17
8.4.	Rafrænn Ísafjarðarbær	17
8.5.	Íbúakannanir	17
9.	Auka staðbundna þjónustu á Suðureyri, Flateyri og Þingeyri	18
10.	Verkferlar og gæðakerfi	18
11.	Tillögur til bæjarstjórnar	19
12.	Niðurlag	19
	Fylgiskjal 1	20

1. Inngangur

Eitt af forgangsverkefnum bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 2014-2018 er að setja íbúalýðræði og opnari stjórnsýslu í forgang eins og kemur fram í stefnuyfirlýsingu bæjarstjórnar, en það átti að gera með því að:

- auka upplýsingamiðlun til íbúa um málefni sveitarfélagsins og fjölga tækifærum þeirra til að koma skoðunum sínum á framfæri.
- opna íbúavef með tengingu við samfélagsmiðla þar sem íbúar geta haft áhrif á ákvarðanir óháð búsetu.
- bæta samfélagið með stuðningi við íbúasamtök, frjáls félagasamtök, íþróttafélög og foreldrastarf.
- nota íbúakannanir á markvissari hátt og nýta þær upplýsingar sem þar koma fram til að bæta samfélagið.

Sérstakri nefnd var komið á laggirnar til að hrinda þessu í framkvæmd en í erindisbréfi nefndarinnar er hlutverk hennar skilgreint á eftirfarandi hátt:

„Nefnd um íbúalýðræði og sterkari stjórnsýslu skal hafa samráð við hverfisráð og leiti eftir sjónarmiðum hagsmunaaðila eftir því sem við á.

Markmið nefndarinnar er að finna leiðir til að:

- flétta ungmennaráð og öldungaráð inn í stjórnsýslu Ísafjarðarbæjar
- styrkja hverfisráðin í sveitarfélaginu og hvetja til þess að ný verði stofnuð á þeim stöðum þar sem engin hverfisráð eru starfandi.
- finna og þróa leiðir til að gera stjórnsýslu sveitarfélagsins opnari og virkari.
- auka upplýsingamiðlun til íbúa um málefni sveitarfélagsins og fjölga tækifærum þeirra til að koma skoðunum sínum á framfæri.
- opna íbúavef með tengingu við samfélagsmiðla þar sem íbúar geta haft áhrif á ákvarðanir óháð búsetu.
- nota íbúakannanir á markvissari hátt og nýta þær upplýsingar sem þar koma fram til að bæta samfélagið.
- leita leiða til að auka staðbundna þjónustu á Suðureyri, Flateyri og Þingeyri.
- Nefndin hafi að leiðarljósi m.a.:
 - að kanna hvað önnur sveitarfélög geri til að auka íbúalýðræði og viðhafi opna og virka stjórnsýslu.
 - að kanna þann tæknibúnað sem til er á markaðinum og innan Ísafjarðarbæjar sem hægt er að nýta til að ná markmiðum nefndarinnar.

Meginhlutverk nefndar um íbúalýðræði og virkari stjórnsýslu er ráðgjöf við bæjarstjórn. Nefndin skal gera tillögu til bæjarstjórnar um hvernig Ísafjarðarbær getur annars vegar aukið íbúalýðræði og hins vegar hvernig hann geti viðhafið virkari stjórnsýslu.“

2. Nefndin

Nefndarmenn eru Arna Lára Jónsdóttir, formaður, Gunnar Páll Eydal og Ingólfur H. Þorleifsson, Sólveig Guðnadóttir áheyrnarfulltrúi. Varamenn eru Bryndís Ósk Jónsdóttir, Guðmundur Björgvinsson og Áslaug Jensdóttir, Helga Dóra Kristjánsdóttir er vara áheyrnarfulltrúi.

Nefndin hefur haldið 8 fundi á tímabilinu:

- 28. ágúst 2014. Mætt voru Arna Lára, Gunnar Páll, Ingólfur, Bryndís Ósk, Guðmundur og Áslaug.
- 12. september 2014. Mætt voru Arna Lára, Gunnar Páll og Áslaug.
- 27. október 2014. Mætt voru Arna Lára, Gunnar Páll og Sólveig.
- 20. febrúar 2015. Mætt voru Arna Lára, Gunnar Páll og Áslaug.
- 5. júní 2015. Mætt voru Arna Lára, Gunnar Páll, Áslaug og Gísli Halldór, bæjarstjóri.
- 11. nóvember 2016. Mætt voru Arna Lára, Gunnar Páll og Áslaug.
- 8. mars 2018. Mætt voru Arna Lára, Gunnar Páll, Guðmundur, Áslaug og Gísli Halldór, bæjarstjóri.
- 23. maí 2018. Mætt voru Arna Lára, Gunnar Páll og Áslaug.

3. Íbúasamráð

Íbúasamráð og íbúalýðræði getur verið mikilvægur þáttur til að bæta stjórnskipan á sveitastjórnarstiginu. Það gengur út á að fá íbúa til að taka þátt í undirbúningi mála fyrir sveitarstjórn eða með þátttöku í atkvæðagreiðslum, hvort sem þær eru bindandi eða ráðgefandi. Grundvallarskylda fulltrúa í sveitarstjórnnum er að taka tillit til þarfa og viðhorfa íbúa við ákvarðanatöku og meta heildarhagsmuni íbúanna og sveitarfélagsins. Til þess að geta sinnt þessari grundvallarskyldu þurfa sveitarstjórnarmenn að vera í góðum tengslum við íbúa sveitarfélagsins. Samráð við íbúa getur leitt til vandaðri ákvarðanatöku, betri skilning íbúa og meiri sátt um ákvarðanir.

Samráð getur verið með ólíkum hætti og þarf að taka ákvörðun um það hverju sinni hversu langt eigi að ganga í íbúasamráði, allt frá einfaldri upplýsingagjöf til beinnar þátttöku í ákvörðunartöku, eins og útlistað er í þáttökustiganum hér að neðan¹.

¹Íbúasamráð í sveitarfélögum og þátttöku íbúa. Samband íslenskra sveitarfélaga. Reykjavík 2017. Bls. 5.



Mynd 1 - Þáttökustigi²

Þáttökustiginn lýsir mismunandi þáttökustigi íbúa og íbúasamráðs. Mynd 2 lýsir hverju þáttökustigi betur og eru nefnd dæmi um aðferðir. Nákvæmari lýsingar á hverju samráðsferli er að finna í [handbókinni um íbúasamráð í sveitarfélögum og þátttöku íbúa](#).³

Þáttökustig	Einkenni	Þú færð að	Dæmi um aðferðir
Upplýsingagjöf	Einhliða Spurningar og svör	Vita um	Fréttabréf Heimasíða Almennur fundur Opiló hús
Samráð	Leita eftir sjónarmiðum Eitt skipti	Láta í ljós skoðanir	Skoðanakönnun Samráðshópur Hverfisganga Íbúapallborð
Samtal	Skoðanaskipti Oftrútekin	Rökræða	Rökræðukafi Notendaráð Íbúapening „Open Space“ fundir
Samstarf	Skipuleggja og framkvæma aðgerðir	Framkvæma	Vinnuhópur Framtíðarsmiðja
Ákvörðun	Taka þátt í ákvörðun	Ákveða	Íbúakosning Þáttökufjárhagsáætlun

Mynd 2 - Dæmi um aðferðir þáttökustigans⁴

Forsendan fyrir árangri á þessu sviði er að gera íbúasamráð að föstum þætti í stjórnunarkerfi sveitarfélagsins, taka ákvörðun á frumstigi íbúasamráðs á hvaða stigi þáttökustigans þátttökan á að vera og samþætta íbúasamráð inn í ákvörðunartökuferla. Markmiðið er að hafa samráð við íbúa og virkja þá til jákvæðrar

²Íbúasamráð í sveitarfélögum og þátttöku íbúa. Samband íslenskra sveitarfélaga. Reykjavík 2017. Bls. 5.

³Íbúasamráð í sveitarfélögum og þátttöku íbúa. Samband íslenskra sveitarfélaga. Reykjavík 2017. Bls. 5-6.

⁴Íbúasamráð í sveitarfélögum og þátttöku íbúa. Samband íslenskra sveitarfélaga. Reykjavík 2017. Bls. 21.

Þátttöku í ákvarðanatökuférlum. Traust milli íbúa og stjórnenda/sveitarstjórnarmanna í samráð er forsenda góðra verka og góðs orðspors sveitarfélagsins.⁵

Hverfisráð Reykjavíkurborgar eru samráðs- og samstarfsvettvangur íbúa, félaga, stofnana, atvinnulífs og borgaryfirvalda og er þeim ætlað að taka þátt í stefnumörkum og stuðla að auknum félagsauð. Reykjavíkurborg hefur sett upp aðferðahring sem farið er eftir í Lýðræðisstarfi í hverfum Reykjavíkurborgar.



Mynd 3 - Aðferðir í lýðræðisstarfi í hverfum Reykjavíkur⁶

Frekari fróðleik um íbúasamráð og þátttökulýðræði á sveitarstjórnarstiginu má nálgast í eftirfarandi ritum:

- **Íbúasamráð í sveitarfélögum og þátttaka íbúa.** Samband íslenskra sveitarfélaga. Ritstjóri, Anna Guðrún Björnsdóttir. 2017.
- **Leiðsögn um lýðræði í sveitarfélögum.** Samband íslenskra sveitarfélaga. Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands. Reykjavík 2012
- Gunnar Helgi Kristjánsson: Hin mörgu andlit lýðræðis. Þátttaka og vald á sveitarstjórnarstiginu.

Stóru skrefin sem Ísafjarðarbær hefur tekið til að auka íbúasamráð er að hvetja til og koma að stofnun hverfisráða, ungmennaráðs og öldungaráðs.

⁵Íbúasamráð í sveitarfélögum og þátttöku íbúa. Samband íslenskra sveitarfélaga. Reykjavík 2017. Bls. 5-6.

⁶Leiðsögn um lýðræði í sveitarfélögum. Samband íslenskra sveitarfélaga. Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands. Reykjavík 2012. Bls. 28.

4. Hverfisráð

Í 47. grein bæjarmálasamþykktar Ísafjarðarbæjar er heimild fyrir stofnun hverfisráða en þar segir:

“Hverfisráð. Bæjarstjórn setur samþykktir fyrir hverfisráð á Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Holtahverfi, Eyrinni í Skutulsfirði og í Hnífsdal. Aðeins er heimilt að starfrækja eitt hverfisráð skv. samþykkt þessari í hverju hverfi. Á stofnfundi hverfisráðs sem íbúar hverfis eru boðaðir á eru 5 fulltrúar kosnir í nefndina og 2 til vara. Fulltrúar í hverfisráði eru kosnir til tveggja ára í senn. Hverfisráð setja sér sjálf starfsreglur sem samþykktar skulu á aðalfundum íbúa hverfanna en um starfshætti ráðanna gilda almenn ákvæði um frjáls félög og fundarsköp. Hlutverk hverfisráða er að vera vettvangur íbúanna til að hafa áhrif á nærumhverfi sitt. Hverfisráð skulu halda fundi reglulega en að lágmarki einn aðalfund árlega og gera þar grein fyrir starfseminni. Tilkynna skal um slíkan fund til Ísafjarðarbæjar því þar skal farið yfir samvinnu við bæinn, hlutverk og framtíðarsýn. Tengiliður hverfisráða við bæjarkerfið er bæjarritari sem aðstoðar við upplýsingaöflun úr bæjarkerfinu og sér til þess að fundargerðir hverfisráða séu birtar á vef sveitarfélagsins. Gera skal ráð fyrir ákveðnu fjárframlagi til hverfisráða í gegnum fjárhagsáætlun hvers árs. Það er ætlað til að greiða t.d. pappír, póstburðargjöld og annan umsýslukostnað í tengslum við hlutverk þeirra. Hverfisráð kemur erindum sínum á framfæri við bæjarstjórn eða stjórnsýslu sveitarfélagsins með formlegum hætti, þ.e. með bréfi, tölvupósti eða öðrum sannanlegum hætti.”

Nefnd um íbúalýðræði og virkari stjórnsýslu ákvað því að standa fyrir fundum þar sem stofnuð yrðu hverfisráð, ef vilji væri til þess innan byggðakjarnans. Markmiðið með stofnun hverfisráða eru, samkvæmt erindisbréfi nefndarinnar, eftirfarandi:

- að efla samhug og samkennd íbúa
- að vera samstarfsvettvangur íbúa, félagasamtaka og hagsmunasamtaka á svæðinu
- að vinna að framfara- og hagsmunamálum í byggðakjarnanum
- að standa vörð um sérkenni byggðakjarnans
- að starfa með stofnunum bæjarins og opinberum aðilum sem fara með málefni byggðakjarnans og íbúa þess
- að eiga samstarf við hverfisráð annarra byggðakjarna

Á heimasíðu Ísafjarðarbæjar er listi yfir stjórnarmenn hverfisráðanna og fundargerðir þeirra.

4.1. Hverfisráðið íbúasamtökin Átak í Dýrafirði

Á árinu 2014 hafði aðeins eitt hverfisráð verið stofnað í Ísafjarðarbæ, en það voru íbúasamtökin Átak á Þingeyri, sem stofnuð voru árið 1998 og ná til allrar byggðar í Dýrafirði.

Á aðalfundi hverfisráðsins á árinu 2014 voru eftirfarandi aðilar kosnir:

Wouter Van Hoeymissen, formaður
Gunnhildur Elíasdóttir

Bjarni Einarsson
 Signý Þöll Kristinsdóttir
 Gunnar Gísli Sigurðsson
 Ármann Múli Karlsson, varamaður
 Jovina Sveinbjörnsdóttir, varamaður

Hverfisráð Dýrafjarðar heldur ekki úti Facebook síðu, en Blábankinn sér að mestu leyti um samskiptin við íbúa fyrir hverfisráðið.

4.2. Skutulsfjörður (utan Hnífsdals)

Priðjudaginn 30. september 2014 stóð nefnd um íbúalýðræði og virkari stjórnsýslu fyrir fundi um stofnun hverfisráða í Skutulsfirði. Á fundinum voru stofnuð tvö hverfisráð á Ísafirði, eins og gert er ráð fyrir í D lið 47. gr. samþykktu um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar. Um er að ræða annars vegar hverfisráð Holta-, Seljalands- og Tunguhverfis sem nær til allrar byggðar í Holta-, Seljalands- og Tunguhverfi, sem og í Dagverðardal og sumarhúsa-byggðarinnar í Tunguskógi. Hins vegar hverfisráð Eyrar og efri bæjar Ísafjarðar sem nær til allrar byggðar á eyrinni á Ísafirði og efri bæjar að Seljalandi.

Fyrsta stjórn hverfisráðs eyrar og efri bæjar Ísafjarðar var skipuð eftirfarandi aðilum:

Gylfi Þór Gíslason, formaður
 Árni Ingason
 Björn Baldursson
 Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir
 Halldór Sveinbjörnsson
 Jóhann D. Svansson
 Matthildur Helgadóttir Jónudóttir

Hverfisráð Eyrar og efri bæjar heldur úti Facebook síðu fyrir samskipti íbúa.

Fyrsta stjórn Holta-, Seljalands- og Tunguhverfis Ísafjarðar var skipuð eftirfarandi aðilum:

Tinna Hrund Hlynisdóttir, formaður
 Hjalti Karlsson
 Anna Ragnheiður Grétarsdóttir
 Steinþór B. Kristjánsson
 Guðmundur Óli Tryggvason
 Harpa Guðmundsdóttir
 Lína Björg Tryggvadóttir
 Jennifer Smith

Hverfisráð Holta-, Seljalands- og Tunguhverfis Ísafjarðar halda úti Facebook síðu fyrir samskipti íbúa.

4.3. Súgandafjörður

Mánudaginn 10. nóvember 2014 stóð nefnd um íbúalýðræði og virkari stjórnsýslu fyrir fundi um stofnun hverfisráðs í Súgandafirði í félagsheimilinu á Suðureyri. Á fundinum var stofnað hverfisráð, eins og gert er ráð fyrir í D lið 47. gr. samþykktu um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

Fyrsta stjórn hverfisráðsins var skipuð eftirfarandi aðilum:

Aðalsteinn Egill Traustason, formaður
 Svava Rán Valgeirsdóttir
 Magnús Jónsson
 Petra Dröfn Guðmundsdóttir
 Einar Ómarsson
 Kolbrún Elma Smith
 Valdimar Halldórsson

Hverfisráð Súgandafjarðar heldur ekki úti Facebook síðu, heldur nýtir aðrar leiðir til samskipta við íbúa.

4.4. Önundarfjörður

Mánudaginn 15. desember 2014 stóð nefnd um íbúalýðræði og virkari stjórnsýslu fyrir íbúafundi í Félagsbæ á Flateyri í samstarfi við bæjarstjóra. Á fundinum var m.a. stofnað hverfisráð fyrir Önundarfjörð. Stofnun hverfisráðsins var í samræmi við lið D í 47. gr. samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

Fyrsta stjórn hverfisráðsins var skipuð eftirfarandi aðilum:

Ívar Kristjánsson, formaður
 Joanna Majewski
 Hrefna Erlenda Valdimarsdóttir
 Guðmunda Agla Júlíusdóttir
 Jónatan Magnússon
 Bryndís Sigurðardóttir, varamaður
 Soffía Ingimarsdóttir, varamaður

Hverfisráð Önundarfjarðar heldur úti Facebook síðu fyrir samskipti íbúa.

4.5. Hnífsdalur

Laugardaginn 10. janúar 2015 var haldinn aðalfundur Íbúasamtaka Hnífsdals fyrir árið 2014. Á fundinum var lögð fram og samþykkt tillaga að breytingum á samþykktum Íbúasamtaka Hnífsdals sem gerir Íbúasamtökin að hverfisráði Hnífsdals.

Stjórn hins nýja hverfisráðs var skipað eftirfarandi aðilum:

Dagný Finnbjörnsdóttir, formaður
 Sigrún Hinriksdóttir
 Jósef H. Vernharðsson
 Gíslína Kristín Gísladóttir Smoter
 Gabríela Aðalbjörnsdóttir, varamaður
 Halldór Ásgeirsson, varamaður

Hverfisráð Hnífsdals heldur úti Facebook síðu til að eiga samskipti við íbúa.

4.6. Framkvæmdafé

Frá árinu 2015 hefur ákveðin fjárhæð í fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar verið skilgreind sem framkvæmdafé hverfisráða. Hvert hverfisráð hefur árlega fengið sömu fjárhæð til að vinna úr, ýmist 1,5 m.kr. eða 2 m.kr. Hverfisráðin geta lagt til við bæjarstjórn hvernig eigi að ráðstafa framkvæmdafénu til fjárfestinga eða endurbóta í sínum byggðarkjarna eða hverfi.

Tilgangur með þessu er að færa ákvörðunarvald um nýtingu tiltekinna fjármuna til fjárfestinga nær íbúunum, til að féð sé nýtt í það sem íbúarnir telja mikilvægt fyrir sitt nærumhverfi. Dæmi um þetta eru lagfæringar á gangstéttum og leiksvæðum, endurbætur á félagsheimilum eða önnur fegrún umhverfis. Einnig geta íbúar tekið sig saman og nýtt eigin krafta til að gera meira verðmæti úr fjármunum eða jafnvel sótt styrki annað til stærri verkefna. Meðal þeirra verkefna sem hafa verið framkvæmd eru:

- Kaup og uppsetning ærslabelgs á Flateyri og fleiri byggðakjarnar eru að feta í fótsporið.
- Kaup og uppsetning á aparólu á Flateyri.
- Endurnýjun eldhúss í Félagsheimilinu á Þingeyri.
- Kaup á bekkjum í Hnífsdal.
- Kaup á leiktækjum inn í firði.
- Úttekt á ástandi Félagsheimilinu í Hnífsdal
- Hönnun skipulags við Tjörnina á Suðureyri og á Sumarróló
- Körfuboltavöllur á Eyrinni á Ísafirði

4.7. Val á verkefnum

Hverfisráð hefur frjálssar hendur með það hvernig staðið er að verkefnavali, en þó er lagt til að hverfisráð leiti til annarra íbúa svæðisins með hugmyndir og endanlegt val.

Nokkrar leiðir eru færar, t.d.:

- a. Halda opinn hugarflugsfund þar sem allar hugmyndir eru skrifaðar niður og þeim síðan forgangsraðað með kosningu.
- b. Láta hugmyndakassa liggja frammi á opinberum stað fyrir hugmyndir íbúa. Hugmyndirnar eru síðan teknar saman og ákvörðun tekin út frá þeim.
- c. Að stjórn hverfisráðs taki saman nokkrar tillögur, haldi opinn fund þar sem kosið er um tillögurnar.
- d. Að óska eftir tillögum eða vera með kosningu á samfélagsmiðlum, t.d. á Facebook síðu hverfiráðsins.

Hverfisráð geta fengið aðstoð sviðstjóra umhverfis- og eignasviðs, Brynjars Þórs Jónassonar, við gerð kostnaðaráætlunar við þær tillögur sem ráðin hafa hug á að leggja fram.

Þegar hverfisráð hefur tekið ákvörðun um hvaða tillaga skuli lögð fyrir bæjarráð senda þau tillöguna til bæjarritara, ásamt viðeigandi fylgigögnum. Bæjarritari og sviðstjóri umhverfis- og eignasviðs setja saman minnisblað fyrir bæjarráð í samstarfi við viðkomandi hverfiráð.

Hverfisráðum er tilkynnt niðurstaða bæjarráðs þegar hún liggur fyrir. Feli tillagan í sér aðkomu annarra en Ísafjarðarbæjar að verkefninu, t.d. vinnuframlag, skal verkefnið unnið í nánú samstarfi við hverfisráðið bæði varðandi skipulagningu og tímasetningu.

4.8. Samráðsfundur

Nefndin hélt fund með fulltrúa hvers hverfisráðs, bæjarstjóra, bæjarritara og sviðstjóra umhverfis- og eignasviðs 11. janúar 2017. Fundurinn var haldinn í

aðdraganda og undirbúningi málþingsins undir yfirskriftinni "Hvernig gerum við góðan bæ betri?"

Misjöfn reynsla er af starfi ráðanna. Í sumum tilvikum hefur gengið vel að fá íbúa til samstarfs en ekki eins vel í öðrum tilvikum. Í heildina er þó áhugi og kraftur í íbúum. Fulltrúar hverfisráðanna voru sammála um að skýra þyrfti betur starfsvið hverfisráðanna, t.d. hvaða málefni hverfisráðanna eiga að fara til umsagnar hjá þeim og hvort þau ættu að vera spurð álits á forgangsröðun verkefna á vegum bæjarins í byggðakjarnanum, utan fjárfestingafjárnsins. Einnig var rætt um að bæta þyrfti upplýsingaflæði, m.a. að það vantaði upplýsingar um hvar mál væru stödd í kerfinu. Lögð var áhersla á að það krefðist vinnu að hafa íbúalýðræði og að mikilvægt væri að allir vönduðu sig, bæði í stjórnsýslunni og hverfisráðunum, til að traust væri milli aðila. Hverfisráðin leggja áherslu á að koma umsögnum til bæjarins og að það væri mikilvægt að ráðin fengju nægan tíma til að svara umsögnum eða öðrum erindum. Stjórnkerfið þyrfti að hlusta svo hverfisráðin finndu ekki til vanmáttar gagnvart kerfinu eða stjórnsýslunni. Óskað var eftir því að bærinn myndi svara fyrirspurnum og bókunum í fundagerðum hverfisráða betur. Í sumum tilvikum virðist þó um samskiptavandamál að ræða – að erindi hafi ekki skilað sér á réttan áfangastað. Rætt var um að stofnað yrði eitt netfang, sem allir stjórnarmenn fengju afrit af, sem gæti þá jafnframt geymt sögu samskipta Ísafjarðarbæjar við hverfisráðin.

Rætt var um að finna þyrfti leiðir til að hverfisráðin nái betur til íbúanna. Í sumum hverfum hefur verið góð virkni hjá íbúum en annars staðar ekki eins góð. Einnig þarf að finna leiðir til að fá fólk inn í stjórnir hverfisráðanna. Sums staðar hefur það gengið vel en ekki eins vel annars staðar. Enn fremur þarf að finna leiðir til að nýta kraft íbúa betur í sjálfboðavinnu við framkvæmdir.

Niðurstaða fundarins í stuttu máli er að mikilvægt er að bæta samskipti á milli bæjarins og hverfisráðanna. Mörg mál eru í gangi og talsverð virkni í ráðunum en það vantar bæði betra upplýsingaflæði um stöðu mála en ekki síður um valdsvið hverfisráðanna. Til að bæta utanumhald utan um verkefni hverfisráða kom sú hugmynd upp um að ráðin héldu utan um ákveðna möppu með gögnum og samskiptum eða hefðu aðgang að einhvers konar fundargátt.

4.9. Málþing: "Hvernig gerum við góðan bæ betri?"

Málþingið Hvernig gerum við góðan bæ betri var haldið 25. mars 2017. Gísli H. Halldórsson, bæjarstjóri, Anna G. Björnsdóttir, starfsmaður Sambands íslenskra sveitarfélaga og Halldór Auðar Svansson, borgarfulltrúi héldu erindi, auk þess sem fulltrúi hvers hverfisráðs sagði frá reynslu sinni af hverfisráðunum, t.d. hvað væri gott og hvað mætti betur fara. Í lok málþingsins voru síðan vinnustofur þar sem leitast var svara við eftirfarandi spurningum, en umræðupunktur sem framkomu á fundinum eru tilgreindir fyrir neðan hverja spurningu:

1. Hvert er hlutverk hverfisráðanna, hvaða málefni eiga þau að fjalla um og hvað eiga þau ekki að fjalla um?

- Hlutverkið ekki skýrt og ekki ljóst til hvers er ætlast af hverfisráðum og íbúum versus hlutverk stjórnsýslunnar gagnvart hverfisráðunum.

- Sjá betur sitt nærumhverfi og geta betur bent á það sem má laga í nærumhverfinu.
- Ráðgefandi til stjórnarsýslunnar um öll mál stór og smá. Hverfisráðin verði meira ráðgefandi.
- Íbúar samfélagsins, hverfi/þorp, taka samtal um hvernig nærumhverfi eiga að virka og gera áætlun, horfa fram á við og sjá til framtíðar.
- Til þess að svo megi vera verður að ríkja traust milli íbúa og bæjarstjórnar.
- Hverfisráðið getur virkað sem skilaboðaskjóða milli íbúa og bæjarstjórnar í báðar áttir.
- Hverfisráðið viti um samsetningu íbúa.
- Geta hverfisráð komið sér saman um stór mál. T.d. grunnskóla og byggðakvóta.
- Ekkert málefni er hverfisráðunum óviðkomandi.
- Allt sem viðkemur sínu hverfi.
- Er eitthvað sem þau eiga alltaf að tala um?
- Hvernig lítur bærinn út.
- Skipulagsmál.
- Skólamál
- Samgöngumál (Gangstéttar, snjómokstur)
- Umhverfismál
- Hvenær á athugasemdin við / samráðið við?
- T.d. áætlanagerð, erfitt þegar verið er að framkvæma og taka ákvörðun.
- Fá svör, vita hvert á að beina, fá endurgjöf.
- Bæjaryfirvöld geri kostnaðarvitund betri.
- Erfitt að ætla sér að taka afstöðu til allra mála.
- Ef hverfisráð vilja fjalla um ákveðin málefni geta þau tekið það upp.

2. Hvert er hlutverk hverfisráðanna gagnvart bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar og hvert er hlutverk bæjarstjórnar gagnvart hverfisráðunum? Hvernig gerum við samskiptaferli hverfisráðanna gagnsærri?

- Gætu hverfisráðin fengið sinn sess á heimasíðu Ísafjarðarbæjar þannig að fleiri hafi aðgang að hugmyndum/tillögum.
- Gott að hverfisráðin fengju upplýsingar strax um heildarkostnað við verkið og verktíma. Hver á þá að sjá um að gera það?
- Hvernig eru hverfisráðin að virka? Getur það verið misjafnt milli hverfisráðanna? Meira í þorpinu minna Ísafjörður.

- Fá aðstoð frá stjórnarsýslunni til að halda utan um fundargerðir og form.
- Sameiginlegt netfang hverfisráðanna.
- Láta reyna a hverfisráðin. Kalla eftir aðstoð stjórnarsýslunnar. Gera öllum ljóst að sum verkefni eru tímafrek en íbúar geta haft áhrif við fjárhagsáætlunargerð en verkefni líta ekki dagsins ljós strax.
- Samskipti milli hverfisráða og stjórnarsýslunnar sé í föstum skorðum.
- Erindum verður svarað og fylgt eftir ef farið er í framkvæmdir.
- Hlusta á hvert annað.
- Færa meiri staðarþekkingu í bæjarráð.
- Hafa fundargerðir aðgengilegar.
- Safna saman upplýsingum úr hverfinu, eiga samtal við bæjarráð.
- Benda á mál og búa til mál. Gera tillögu að framkvæmdum.
- Hlusta á íbúana og miðla til Ísafjarðarbæjar.
- Bæjarstjórn sendi mál til umfjöllunar í hverfisráð. Aðili með skýrt umboð frá bænum.
- Skipulag fram í tímann, t.d. viðhald gangstétta.

3. Hvernig getum við bætt íbúasamráð?

- a. Hvernig er hægt að bæta samráð hverfisráðs við íbúa
- Íbúasamtök/hverfisráð ná betur til íbúa ef þeir upplifa sig sem hlut af samtökunum. Hverfisráðið er vettvangur íbúa án stjórnarsýslunnar, stjórnin er svo tengiliður. Ef íbúar upplifa hverfisráðin sem hluta af stjórnarsýslunni þá halda íbúar sig til baka/hlés. Spurning um traust?
 - Auðvelt að koma óformlega að skoðunum.
 - Tala við íbúa áður en ákvarðanir eru teknar.
 - Halda fundi fyrir utan vinnutíma.
 - Vera meðvitaður um það sem er að gerast í stjórnarsýslunni. Stjórnarsýslan upplýsi íbúa um aðkomu að ferli.
 - Skýrar verklagsreglur um hvernig á vinna að úrlausn mála.
 - Facebook hópur þar sem öllum hverfisráðum þar sem umræðum, fyrirspurnum og upplýsingum er komið til skila.
 - Taka saman innkomin erindi og koma þeim á framfæri við hverfisráðin.
 - Geta hverfisráðin hjálpað hvert öðru með að auka fjölda þátttakenda. Gæti verið sniðugt að Öfundarfjörður fari í Dýrafjörð, segi þeim hvað þau geri. Labba í hús.
 - Einu sinni á ári væri pólskur túlkur, pólsk auglýsing um fund.
 - Ná þeim í gegnum félagasamtök. Pylsupartý.

b. Hvernig er hægt að bæta samráð íbúa við hverfisráð?

- Bærinn gæti hvatt íbúa til að tala um málin við hverfisráðin. Hægt að nýta facebook síðurnar í allskonar lítil mál.
- Hjálpa fólki að koma erindum á framfæri við bæjarstjórn. Fá svör við álitum. Hvort hægt sé að hafa opinbera síðu þar sem viðbrögðin koma fram.
- Stefnumótunarvinna. Vantar innspýtingu á að taka einhverjar lýðræðislegar hugmyndir, hvernig á að virka í lýðræðisþjóðfélagi.
- Væri hægt að halda námskeið á grundvelli leiðbeininga Önnu G.

4. Hvernig getum við virkjað íbúana betur í ákvörðunum sem þá snerta?

- Getur verið að bæjarfulltrúar haldi fundi um afmörkuð efni að það höfði betur til íbúa.
- Fundartímar með bæjarfulltrúum.
- Vera víðsýnni þegar kemur að upplýsingagjöf.
- Færa stjórnarsýsluna nær fólkinu t.d. með því að auglýsa breytingar á aðalskipulagi í Samkaup/Bónus.
- Fundir með bæjarráði.
- Bæjarstjórn að vera vakandi yfir jafningja þrýstingi, þegar ein skoðun heyrir þora aðrar ekki að láta heyra í sér.
- Almenn vitund um að fólk sé að gæta hagsmuna hverfisins.
- Áberandi hvaða mál eru á dagskrá bæjarins, t.d. græn vika, fá meiri umræður.

5. Hvað má betur fara í skipulagningu og utanumhaldi hverfisráðanna? er eitthvað annað form sem gæti virkað betur?

- Formenn hverfisráðanna fundi með bæjarfulltrúum og formi reglur um t.d. Fundartíma, fundargerðir, form og regluverk.
- Fundargerðir verði aðgengilegar öllum þannig að íbúar geti aflað sér upplýsinga um það sem er verið að ræða.

6. Hvernig eigum við að fara með fjárfestingarféð?

a. Eigum við að gera einhverjar breytingar?

- Fjárfestingaféð að þvælast fyrir.
- Vera skýrari í vinnunni við að koma út framkvæmdafé.
- Vinna fram á við. Gera áætlun fram í tímann.
- Spurning um að féð sem er úthlutað til hverfisráðanna renni ekki út um áramót.
- Hvað liggur mönnum mest á hjarta.
- Það sem er í forgangi hjá íbúum kannski ekki endilega í forgangi hjá bænum.

- Hægt að senda inn beiðni um framkvæmd.
- Ekkert lýðræði í framkvæmdafénu?
- Hægt að ráðfæra sig við íbúa um forgangsröðun.
- Lýðræðisvitund íbúa er of lítil.

b. Eru aðrar betri lausnir?

- Hverfisráðin séu ráðgefandi varðandi stærri verkefni þ.a.l. á framkvæmdaféð að vera lítið svo íbúar geti tekið saman höndum um ákveðin verkefni.
- Hvernig getum við tekið útlendinga inn í ákvarðanatöku.
- Reyna að virkja íbúa.
- Augljós ferli.
- Setja skilti á það sem gert var fyrir framkvæmdafé. Kertagöngu í hverfunum.
- 5 ára fjárfestingar- og viðhaldsáætlun.

5. Öldungaráð

Samþykktir fyrir Öldungaráð Ísafjarðarbæjar voru samþykktar á 363. fundi bæjarstjórnar sem haldinn var 19. júní 2015, samkvæmt tillögu nefndar um íbúalýðræði og virkari stjórnarsýslu. Öldungaráð er skipað 9 fulltrúar og jafnmörgum til vara, tveim fulltrúum tilnefndum af bæjarstjórn, sex fulltrúum tilnefndum af Félagi eldri borgara í Ísafjarðarbæ og einum fulltrúa tilnefndum af Félagi eldri borgara í Önundarfirði.

Fyrsti fundur Öldungaráðs Ísafjarðarbæjar var haldinn 20. apríl 2016. Öldungaráð hafði frá stofnun og fram til ritunar þessarar skýrslu haldið 9 fundi.

Margrét Geirsdóttir, sviðstjóri velferðarsviðs, er starfsmaður nefndarinnar. Samkvæmt Margréti hefur reynslan verið góð. Það hefur verið áhugi hjá nefndarmönnum, mæting góð og virkni sömuleiðis. Þau sem vinna að málaflokki aldrea þurfa að vera mjög meðvituð um að kynna mál og fá viðbrögð frá öldungaráði. Öldungaráð hafa komið með mjög gott framlag inn í málaflokkinn og komið með athugasemdir og hugmyndir.

6. Ungmennaráð

Samþykktir fyrir Ungmennaráð Ísafjarðarbæjar voru samþykktar á 363. fundi bæjarstjórnar sem haldinn var 19. júní 2015, samkvæmt tillögu nefndar um íbúalýðræði og virkari stjórnarsýslu.

Illa gekk að stofna ungmennaráð þar sem tilnefningar í ungmennaráð voru settar þröngar skorður, m.a. að velferðarsvið skyldi tilnefna einn fulltrúa og annan til vara sem væri utan skóla. Því lagði íþrótt- og tólmstundanefnd til að tilnefna skyldi 9

fulltrúa sem samanstæðu af nemendum grunnskóla, menntaskóla og ungmennum utanskóla. Að gæta skyldi þess að fulltrúar væru úr öllum byggðakjörnum, báðum skólastigum, ungmennum utan skóla væri þess kostur og að kynjahlutfall væri sem jafnast. Bæjarstjórn samþykkti breytinguna á 400. fundi sínum sem haldinn var 1. júní 2017.

Helga Kristín Haraldsdóttir, fulltrúi í Ungmennaráði Íslands og ungmennaráði Seltjarnarness kom á fund sem haldinn var í sambandi við Lýðræðisvikuna 2017. Þar kynnti hún m.a. beint lýðræði sem viðgengst í Ungmennaráði Seltjarnarness, sem vakti mikinn áhuga fundarmanna.

Fyrsti fundur ungmennaráðs Ísafjarðarbæjar var haldinn 14. nóvember 2017. Lagði ungmennaráð þá til að ráðið myndi starfa samkvæmt beinu lýðræði en ekki eftir fulltrúalýðræði eins og samþykktirnar bæru með sér. Beint lýðræði felur í sér að allir sem mæti á fundi ungmennaráðs hafi atkvæðis- og tillögurétt, skipaður er verkefnastjóri fyrir hvert og eitt verkefni sem ber þá ábyrgð á sínu verkefni. Með beinu lýðræði hafa allir tækifæri á að koma sýnum hugmyndum á framfæri og hafa áhrif með þátttöku í ungmennaráði. Ábyrgðin dreifist á alla sem taka þátt. Samþykktum ungmennaráðs og samþykktum um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar var breytt á Ísafjarðarbæjar var breytt á 411. fundi bæjarstjórnar sem fram fór 18. janúar 2018.

Ungmennaráð hefur fundað tvisvar sinnum og m.a. komið að endurskoðun íþrótta- og tómskundastefnu.

Ungmennaráð heldur úti Facebook síðu til að ná til ungmenna í Ísafjarðarbæ. Síðan er lokuð og þarf að biðja um aðild að henni. Einungis ungmenni búsett í sveitarfélaginu fá aðild.

7. Áheyrnarfulltrúar í nefndum

Á 845. fundi sem haldinn var 30. júní 2014 var samþykkt að Framsóknarflokkurinn fengi áheyrnarfulltrúa í nefndum en vísaði beiðni Framsóknarflokksins um greiðslur fyrir fundarsetu til íbúalýðræðisnefndar.

Íbúalýðræðisnefnd fól starfsmanni nefndarinnar að kanna hvernig málum væri háttað í öðrum sveitarfélögum.

Starfsmaður nefndarinnar tók saman minnisblað vegna málsins sem tekið var fyrir á 864. fundi bæjarráðs sem haldinn var 24. nóvember 2014 og 352. fundi bæjarstjórnar sem haldinn var 27. nóvember 2014, þar sem samþykkt var að engir áheyrnarfulltrúar, nema áheyrnarfulltrúi í bæjarráði fengju greitt, þar sem um hagsmunagæslu stjórnmalaflokka væri að ræða líkt og hagsmunagæslu m.a. foreldra í öðrum nefndum.

8. Aukin upplýsingamiðlun

Eitt af markmiðum nefndarinnar var að auka upplýsingamiðlun til íbúa. Þrátt fyrir að nefndin hafi ekki tekið verkefnið sérstaklega fyrir hefur mikið verið gert í stjórnsýslunni til að auka upplýsingamiðlun:

8.1. Facebook

Ísafjarðarbær hefur í auknum mæli notað Facebook síðu sína til að koma skilaboðum til íbúa um það sem skiptir máli. Unnið er að birtingarstefnu fyrir Facebook, með það að markmiði að auka upplýsingagjöfina enn frekar af öllum sviðum bæjarins og auka virkni Facebook síðu bæjarins. Fylgjendum Ísafjarðarbæjar á Facebook hefur fjölgað um rúm 100% á síðustu fjórum árum og eru við vinnslu skýrslu þessarar 2.437.

8.2. Smáskilaboð (SMS)

Í auknum mæli hefur Ísafjarðarbær nýtt sér fjöldasendingar smáskilaboða til íbúa þegar tilkynna þarf mikilvæg skilaboð sem hefur veruleg áhrif á íbúa, líkt og vatnslokanir.

8.3. Heimasíða

Ný heimasíða Ísafjarðarbæjar fór í loftið 29. desember 2017. Heimasíðan hefur verið í bígerð um nokkurt skeið en öll vinna við nýja heimasíðu fór fram á árinu 2017. Með heimasíðunni var horft til þarfa viðskiptavina Ísafjarðarbæjar og þess að fækka efni og einfalda heimasíðuna. Heimasíðan hefur fengið góðar viðtökur.

8.4. Rafrænn Ísafjarðarbær

Bæjardyr

Bæjardyr er sá hluti rafræns Ísafjarðarbæjar þar sem íbúar geta nálgast yfirlit reikninga sem Ísafjarðarbær hefur sent þeim og fasteignamat húsnæðis íbúa. Þessi hluti hefur verið í gangi á heimasíðunni frá því snemma árs 2014 og leiðir til þess að Ísafjarðarbær þarf ekki að senda reikninga í pappírformi til íbúa.

Mínar síður

Mínar síður er sá hluti rafræns Ísafjarðarbæjar þar sem hægt er að fylla eyðublöð út og senda með rafrænum hætti. Þessi hluti hefur verið í vinnslu hjá Ísafjarðarbæ í þó nokkurn tíma en komst í gagnið um leið og ný heimasíða fór í loftið. Með þessu er verið að auka þjónustu við íbúa sveitarfélagsins.

8.5. Íbúakannanir

Íbúakannanir komu ekki til umræðu á fundum nefndarinnar og ekki hafa farið fram íbúakannanir á tímabilinu. Hins vegar áætla bæjarstjórn að framkvæma íbúakönnun í upphafi árs 2018 í tengslum við sundlaugarmál í Skutulsfirði.

Nefndin lagði ekki áherslu á þennan þátt í sínum störfum. Nefndin leggur til að farið verði ráðum handbókar um Íbúalýðræði um samráð við íbúa.

9. Auka staðbundna þjónustu á Suðureyri, Flateyri og Þingeyri

Nýsköpunarmiðstöð fór af stað með verkefnið „Þjónustuturnar í smærri bæjum og byggðum“ í september árið 2015 í kjölfar lokunar útibús Landsbankans Íslands. á Þingeyri.

Alain Decat og Marij Colruyt koma síðan að verkefninu í byrjun árs 2016 og leiddu það áfram ásamt Nýsköpunarmiðstöð og bæjarritara Ísafjarðarbæjar. 20. september 2017 hóf Blábankinn formlega starfsemi sína með hátíðlegri athöfn. Blábankanum veitir, þegar þetta er ritað, tölvuaðstoð, þjónustu fyrir Landsbankann, Verkalýðsfélag Vestfirðinga og Ísafjarðarbæ, þ.m.t. bókasafn Ísafjarðar. Enn fremur er boðið upp á sköpunarrými, skrifstofuhúsnæði, fundar- og námskeiðsaðstöðu. Haldnir eru viðburðir af ýmsum toga í Blábankanum, eða um 25 viðburðir á fyrstu þremur mánuðum Blábankans. Blábankinn er tilraunverkefni á Þingeyri sem miðar að því að leggja grunn að félagslegri og efnahagslegri nýsköpun. Starfsmenn leggja sig fram við að aðstoða við nýsköpunarverkefni og hugmyndir sem leitað er með til bankans. Um er að ræða þriggja ára tilraunverkefni.

Þar sem um tilraun er að ræða verður útkoman vonandi að fyrirmynd sem hægt sé að yfirfæra á aðra byggðakjarna. Ekki hefur verið tekið ákvörðun um að sama verkefni verði sett upp á öðrum byggðakjörnum Ísafjarðarbæjar, svo sem á Suðureyri og Flateyri. Mælt er með því að fyrirkomulag það sem er við lýði í Hrísey verði skoðað og einnig að ný bæjarstjórn á fyrsta kjörtímabili sínu hafi samtal við íbúa á Flateyri og Suðureyri um staðbundna þjónustu.

10. Verkferlar og gæðakerfi

Kópavogsbær hefur farið í mikla vinnu við að innleiða gæðahandbók fyrir verkefni sveitarfélagsins, gæðahandbókin er lifandi skjal og standa endurbætur yfir þegar þessi skýrsla er rituð. Embættismenn frá Ísafjarðarbæ fóru í heimsókn til Kópavogsbæjar til að kynna sér þá vinnu sem þar hafði farið fram. Kópavogsbær veitti Ísafjarðarbæ aðgang að sýnum verkferlum sem Ísafjarðarbær getur aðlagð að sinni starfsemi. Hluti af verkferlunum hafa verið aðlagðir, áætlanir standa yfir um að aðlaga og setja upp frá grunni fleiri verkferla utan um vinnslur sveitarfélagsins. Verkefnastjóri til innleiðingar væntanlegrar löggjafar var ráðinn til eins árs frá og með 1. febrúar 2018. Fyrsti hluti verkefnisins er að lista upp allar vinnslur með upplýsingar sem fara fram í sveitarfélaginu. Síðar í ferlinu verða settir upp verkferlar fyrir allar vinnslur. Verkferlarnir mynda síðan gæðahandbók sem ætti að ná yfir flest verkefni sveitarfélagsins.

11. Tillögur til bæjarstjórnar

Lagt er til að bæjarstjórn ákveði hvernig farið verði með málefni íbúalýðræðis í stjórnarsýslu Ísafjarðarbæjar.

Lagt er til að bæjarstjórn tilnefni bæjarfulltrúa sem tengiliði hverfisráða. Sem sjá þá um að fylgja eftir málefnum síns hverfis. Bæjarstjórn meti síðan reynsluna af þessu fyrirkomulagi að tveimur árum liðnum.

Lagt er til við bæjarstjórn að gerðar verði leiðbeiningar til nefndarmanna og embættismanna um hvað skuli koma fram þegar verið er að boða fundi með íbúum, m.t.t. þátttökustigans.⁷

Lagt er til við bæjarstjórn að gerðar verði leiðbeiningar til nefndarmanna og embættismanna um að lagt sé mat á hvar þurfi að leita álits og með hvaða hætti, m.t.t. þátttökustigans.⁸ Nefndin bendir sérstaklega á að mikilvægt sé að leita álits íbúa og hagsmunaðila í skipulagsvinnu sveitarfélagsins.

Lagt er til við bæjarstjórn að bæjarmálasamþykktum verði breytt með þeim hætti að almennt skuli leitað álits hverfisráðanna í þeim málum sem metin eru mikilvæg fyrir bæjarfélagið eða hafi bein áhrif á íbúa byggðakjarnans. Hverfisráðum er þó ávallt heimilt að senda Ísafjarðarbæ umsagnir og tillögur um mál sem eru til umfjöllunar í sveitarfélaginu eða önnur þau mál er þau telja vera mikilvæg.

Lagt er til við bæjarstjórn að haldnir verði íbúafundir um tiltekin málefni sem talist geta mikilvæg í starfsemi sveitarfélagsins hverju sinni.

Lagt er til við bæjarstjórn að mótaðir séu ferlar þar sem hverfisráð og aðrir aðilar sem eru í samskiptum við bæinn geti fylgt eftir erindum sínum og séð hvernig þeim framvindur innan kerfisins.

Lagt er til að bæjarstjórn fundi með hverfisráði, ungmennaráði og öldungaráði a.m.k. einu sinni á ári. Einnig verði haldinn samráðsfundur bæjarstjórnar og formanna hverfisráða einu sinni á ári.

12. Niðurlag

Við lok starfa nefndarinnar vilja nefndarmenn ítreka að verkefni nefndarinnar, íbúalýðræði og virkari stjórnarsýsla er eitthvað sem þarf alltaf að vera vakandi fyrir. Hraðar breytingar geta verið í samfélaginu sem og þróun strauma og stefna. Því mikilvægt að fylgjast vel með nýjum aðferðum og aðlaga stjórnarsýsluna að breyttum tímum. Nefndin leggur áherslu á vandað verði við innleiðingu þjónustustigans og starfsmenn og fulltrúar hafi það í huga að ólíkar aðferðir henta við mismunandi tilefni, t.d. henta ekki sömu aðferðir við umfjöllun um skólamál, sormál og skipulagsmál.

⁷Íbúasamráð í sveitarfélögum og þátttöku íbúa. Samband íslenskra sveitarfélaga. Reykjavík 2017.
⁸Íbúasamráð í sveitarfélögum og þátttöku íbúa. Samband íslenskra sveitarfélaga. Reykjavík 2017.

Fylgiskjal 1

Sýnishorn af samþykktum hverfiráðs:

Samþykktir Hverfisráðs Önundarfjarðar

1. gr.

Heiti félagsins og varnarþing

Félagið heitir Íbúasamtökin Átak og er hverfisráð Dýrafjarðar. Varnarþing félagsins er í Ísafjarðarbæ.

2. gr.

Félagssvæðið

Félagið er samtök íbúa í Dýrafirði eins og svæðið hefur verið afmarkað sem hverfi, samkvæmt skipulagi. Allir íbúar sem eiga lögheimili á svæðinu og eru 18 ára og eldri hafa kjörgengi og atkvæðisrétt á fundum félagsins. Verði ágreiningur um starfssvæði hverfissamtakanna sker bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar úr um afmörkun skipulagssvæðisins.

3. grein.

Markmið

Tilgangur félagsins og markmið er eftirfarandi:

- að efla samhug og samkennd íbúa
- að vera samstarfsvettvangur íbúa, félagasamtaka og hagsmunasamtaka á svæðinu
- að vinna að framfara- og hagsmunamálum í hverfinu
- að standa vörð um sérkenni hverfisins
- að starfa með stofnunum bæjarins og opinberum aðilum sem fara með málefni hverfisins og íbúa þess
- að eiga samstarf við íbúasamtök annarra hverfa

4. gr.

Stjórn félagsins

Stjórn félagsins er kjörin á aðalfundi og skipa hana fimm menn: formaður, ritari, gjaldkeri og tveir meðstjórnendur. Að auki eru kjörnir tveir varamenn. Formaður skal kosinn sérstaklega, en stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Stjórnarmenn aðrir en formaður skulu kjörnir sameiginlega og ræður afl atkvæða. Kjör skal óbundið en tilnefningar eru heimilar.

Stjórnarmenn ganga úr stjórninni á víxl í samræmi við fjölda stjórnarmanna, þannig: Formaður gengur út eftir tvö ár, síðan tveir meðstjórnendur eftir eitt ár og síðan tveir meðstjórnendur eftir tvö ár. Þar til því er náð, að hver stjórnarmaður sitji ekki lengur en tvö ár í senn án kosninga. Þeim er þó fullfrjálst að bjóða sig fram til áframhaldandi starfi.

Formaður félagsins er fulltrúi þess og félagsstjórnar út á við, nema hann eða stjórn félagsins hafi falið öðrum það hlutverk.

Stjórn fer með málefni félagsins á milli félagsfunda.

5. gr.

Aðalfundur

Aðalfundur skal halda að hausti ár hvert. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum

félagsins. Til aðalfundar skal boða alla félagsmenn með tryggilegum hætti. Aðalfundur skal einnig boða með auglýsingu á heimasíðu Ísafjarðarbæjar og með auglýsingum á hefðbundnum auglýsingastöðum byggðakjarna félagssvæðisins, með minnst 14 daga fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Skýrsla stjórnar um störf félagsins og nefnda á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins.
3. Kosning formanns til tveggja ára.
4. Kosning þriggja manna í stjórn og tveggja varamanna til tveggja ára.
5. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.
6. Breytingar á samþykktum samtakanna ef þeirra hefur verið getið í fundarboði.
7. Fjárhagsáætlun næsta starfsárs.
8. Vinnuhópar.
9. Verkefni næsta árs.
10. Önnur mál.

6. gr.

Félagsfundir

Hverfisráðið heldur fundi eftir því sem ástæða er talin til, en að lágmarki einn aðalfundur árlega og gerir þar grein fyrir starfseminni. Tilkynna skal um slíka fundi til Ísafjarðarbæjar enda skal farið yfir samvinnu við bæinn, hlutverk og framtíðarsýn.

Stjórn félagsins er skylt að boða til félagsfundar ef minnst 25 félagsmenn óska eftir því skriflega og fram kemur dagskrárefni.

Félagsfundur skal boða með minnst 7 daga fyrirvara.

Heimilt er að boða til fundar með skemmri fyrirvara ef nauðsyn krefur.

Félagsfundur er lögmætur og ályktunarfær ef til hans er boðað með auglýsingu á heimasíðu Ísafjarðarbæjar og með auglýsingum á hefðbundnum auglýsingastöðum byggðakjarna félagssvæðisins, með 7 daga fyrirvara ef um er að ræða almennan félagsfund, en 14 daga fyrirvara ef um er að ræða aðalfund.

Dagskrá fundar skal getið í fundarboði.

Ákvarðanir lögmætra félagsfunda um málefni félagsins eru bindandi fyrir stjórn félagsins. Þar ræður afl atkvæða úrslitum með þeim takmörkunum sem samþykktir og reglur félagsins kveða á um.

Ákvarðanir hverfisráðsins eru ekki skuldbindandi fyrir bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, nema hún hafi tekið um það ákvörðun fyrirfram.

Heimilt er stjórn félagsins að boða til funda með félagsmönnum á afmörkuðum svæðum eða vegna einstakra verkefna þeirra, þar sem fjallað er sérstaklega um mál þeirra. Við boðun slíkra funda skal gæta ákvæða um fresti og dagskrá hér að framan. Stjórn félagsins og félagsfundum er heimilt að skipa starfshópa og fela þeim verkefni eftir nánari fyrirmælum hverju sinni.

7. gr.

Fjármál

Samtökin eru ekki rekin í fjárhagslegum tilgangi. Tekjur þess eru gjafir, framlög og styrkir. Kostnað af rekstri félagsins og starfsemi þess skal greiða úr sjóðum þess.

Stjórn félagsins ber ábyrgð á eignum þess og sér um að ávaxta sjóði þess á sem tryggastan hátt.

Gjaldkeri og formaður bera ábyrgð á fjárreiðum félagsins. Reikningsár félagsins er almanaksárið.

8. gr.

Stjórnskipuleg staða félagsins

Samþykktir þessar eru settar samkvæmt heimild í bæjarmálasamþykkt Ísafjarðarbæjar og samkvæmt ákvæðum hennar um Hverfisráð. Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar veitir árlega styrki á fjárhagsáætlun sem er ætlað að greiða t.d. pappír, póstburðargjöld og annan umsýslukostnað í tengslum við hlutverk hverfisráðsins. Tengill Hverfisráðsins við bæjarstjórn og stjórnkerfi er bæjarritari, sem aðstoðar við upplýsingaöflun úr bæjarkerfinu og sér til þess að fundargerðir hverfisráðsins séu birtar á vef bæjarins. Í bæjarmálasamþykkt Ísafjarðarbæjar segir ennfremur: „Hverfisráð setja sér sjálf starfsreglur sem samþykktar skulu á aðalfundum íbúa hverfanna en um starfshætti ráðanna gilda almenn ákvæði um frjáls félög og fundarsköp. Hlutverk hverfisráða er að vera vettvangur íbúanna til að hafa áhrif á nærumhverfi sitt.“

9. grein.

Breytingar á samþykktum þessum

Samþykktum þessum verður einungis breytt á aðalfundi enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hafi samþykkt breytingartillöguna fyrir sitt leyti. Einfaldur meirihluti atkvæða nægir til að breytingar öðlist gildi.

10. grein.

Slit á félaginu

Félaginu verður ekki slitið nema á aðalfundi og að 2/3 hlutar fundarmanna samþykki það. Auðir og ógildir seðlar teljast þá ekki með.

Verði samþykkt að leggja félagið niður skulu eignir þess leggjast í banka þar til annað félag er stofnað með sama tilgangi á félagssvæðinu. Verði nýtt félag ekki stofnað innan 2ja ára þá skulu eignir félagsins renna í bæjarsjóð.